

Mánudagur 23. mars 1987.

Nr. 84/1987. **Ákærvaldið**

gegn

**Henrik Aas**

Kærumál. Ákvörðun um réttargæslubókun felld úr gildi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Ríkissaksóknari hefur með kæru 4. þ.m., er barst Hæstarétti 6. þ.m., skotið máli þessu til Hæstaréttar með skírskotun til 4. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 og gert þær dómkröfur að „ákvörðun sakadóms Reykjavíkur frá 27. f.m. um þóknun til handa Leó E. Löve hdl. verði hrundið og lagt verði fyrir dómarann að kveða á um þetta með úrskurði, ella verði ákvæði úrskurðarins frá 6. desember sl. um þóknun lögmannsins látin óbreytt standa.“

Leó E. Löve héraðsdómslögmaður hefur sent Hæstarétti greinargerð. Krefst hann þess „að ákvörðun sakadóms Reykjavíkur verði hækkuð en til vara látin óbreytt standa.“

Héraðsdómarinn hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar.

Hinn 3. desember 1986 var í sakadómi Reykjavíkur tekin fyrir krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um að varnaraðili, Henrik Aas, bandarískur ríkisborgari, yrði úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna grunar um fjársvik og í tilefni af því að krafa mundi koma fram um framsal á honum til Svíþjóðar. Í þinghaldinu var Leó E. Löve skipaður réttargæslumaður varnaraðila. Dómarinn, Halla Bachmann Ólafsdóttir fulltrúi, kvað samdægurs upp úrskurð um gæsluvarðhald varnaraðila til 12. desember.

Hinn 5. sama mánaðar var fyrir tekið í sakadómi mál til úrlausnar á því hvort skilyrði væri til þess að varnaraðili yrði framseldur til Svíþjóðar. Kvað dómarinn upp úrskurð í málinu næsta dag um að skilyrði væru til framsals. Í úrskurðinum var réttargæslumanninum ákveðin þóknun að fjárhæð 25.000,00 krónur. Varnaraðili kærði úrskurð þennan til Hæstaréttar, en eftir að fallið hafði verið frá framsalskröfu afturkallaði hann kæruna, sbr. bréf réttargæslumannsins til Hæstaréttar 17. desember 1986.

Varnaraðila virðist hafa verið haldið áfram í gæsluvarðhaldi, en

er því lauk 12. desember var í sakadómi Reykjavíkur lagt bann við því að varnaraðili færi úr landi skv. 72. gr. laga nr. 74/1974. Bann þetta var svo fellt úr gildi á dómþingi 19. desember.

Réttargæslumaðurinn sendi sakadómi Reykjavíkur „vinnuskýrslu“ vegna málsins fyrir tímabilið frá 3. til 18. desember. Skýrslan er dagsett 23. desember 1986. Á skjal þetta ritaði dómari sá er kveðið hafði upp úrskurðina um gæsluvarðhald og um framsalsskilyrðin á þessa leið: „Ákvörðun dómara: Samkvæmt 3. mgr. 86. gr. 1. nr. 74/1974. Þóknun ákveðst kr. 75.000,- Reykjavík, 27.01.'87. Undirskrift dómara Halla Bachmann Ólafsdóttir.“ Skjalið hefur síðan verið sent dómsmálaráðuneytinu.

Í athugasemdum þeim sem dómari sendi Hæstarétti kemur fram að ákvörðun þessa beri að skilja svo að um sé að ræða þóknun fyrir málið í heild, þ.e. að þær 25.000,00 krónur sem ákveðnar voru í þóknun með úrskurðinum 6. desember séu innifaldar í fjárhæðinni.

Ákvörðun um þóknun verjanda má kæra til Hæstaréttar samkvæmt 5. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974. Í kæru ríkissaksóknara segir að honum hafi borist vitneskja um ákvörðunina í bréfi dómsmálaráðuneytisins 4. mars, þ.e. sama dag og kæran var send. Verður því að miða við að kæra hafi verið borin fram innan tilskilins frests samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

Héraðsdómari ákvað í úrskurði sínum 6. desember þóknun réttargæslumannsins fyrir þau störf sem hann hafði þá innt af höndum. Hann var áfram réttargæslumaður varnaraðila meðan hann sætti gæsluvarðhaldi og meðan óútkljáð var framsalsmál hans, en því lauk sem fyrr segir með afturköllun á kæru til Hæstaréttar. Átti réttargæslumaðurinn rétt á þóknun fyrir störf sín eftir 6. desember auk þóknunar þeirrar sem honum hafði áður verið ákveðin. Í hinni kærðu ákvörðun kemur eigi fram hvort um er að ræða slíka þóknun eða þóknun fyrir störf réttargæslumannsins í heild. Þá fór héraðsdómari eigi eftir reglum 2. mgr. 87. gr. laga nr. 74/1974 um ákvörðun þóknunar verjanda ef mál lýkst ekki með dómi. Verður því að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi.

#### D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun er felld úr gildi.